

38

27. apríl

AUGLÝSING**um bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands.**

Hinn 3. marz 1949 var undirrituð í Kaupmannahöfn af fulltrúum islenzkra og ungerskra stjórnarvalda bókun um viðskipti milli Íslands og Ungverjalands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 27. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

39

28. apríl

AUGLÝSING**um fullgildingu milliríkjasamnings um radióþjónustu fyrir skip.**

Hinn 4. febrúar 1950 var utanríkisráðuneyti Danmerkur afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi milliríkjasamning um radióþjónustu fyrir skip (European Regional Convention for the Maritime Mobile Radio Service). Samningur þessi var undirritaður fyrir Íslands hönd í Kaupmannahöfn hinn 17. september 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

40

2. maí

AUGLÝSING**um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Póllands.**

Hinn 18. nóvember 1949 var undirritaður í Varsjá viðskiptasamningur milli Íslands og Póllands. Samningurinn gildir frá 1. janúar 1950 til 31. desember 1950. Segi annar hvor samningsaðilinn honum ekki upp þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár, og síðan áfram um eitt ár í senn.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir, að Pólverjar kaupi frá Íslandi:

- 600 smál. af gærum,
- 400 smál. af meðalálýsi,
- 1 000 smál. af freðsild,
- 1 000 smál. af hraðfrystum fiski,
- 500 smál. af fiskimjöli,
- 30 000 tonn af saltsild

og enn fremur nokkuð af sildarlýsi og ef til vill fleiri vörur.

Frá Póllandi er gert ráð fyrir, að Íslendingar kaupi:

75 000 smál. af kolum,
1 500 smál. af sykri,
2 100 smál. af rúgi og rúgmjöli,
600 smál. af jární,
150 smál. af nöglum,
150 smál. af sinkhvítu og blýmenju

40

2. maí

og enn fremur aðrar vörur (hrelnætistæki, vefnaðarvöru, rúðugler o. fl.) fyrir um 136 000 sterlingspund.

Sama dag var undirritaður greiðslusamningur milli Íslands og Póllands, og eru ákvæðin um gildistíma hans eins og í viðskiptasamningnum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 2. maí 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Vestur-Þýzkalands.

41

9. maí

Hinn 15. marz 1950 fór fram bráðabirgðaundirskrift undir viðskiptasamning milli Íslands og sambandslýðveldisins Vestur-Þýzkalands. Gildistími hans er til 31. desember 1950.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir útflutningi á fiski frá Íslandi til Vestur-Þýzkalands fyrir 2.5 millj. dollara, og enn fremur sildarlýsi, síldarmjöli, gærum o. fl.

Íslendingar munu kaupa frá Vestur-Þýzkalandi vörur fyrir 2.5 millj. dollara, einkum fiskinet, vörur úr spunaefnum, járn og stál (valsað og steipt), raftækja-útbúnað, vélar, járn-, stál-, blý- og aðrar málmvörur, efnavörur og vörur skyldar þeim (linoleum o. fl.), áburð, sement, gler-, leir og postulínsvörur o. fl.

Samningurinn gengur endanlega í gildi við fulla undirskrift og með fullgildingu verzlunar- og siglingasamnings milli Íslands og sambandslýðveldisins Vestur-Þýzkalands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. maí 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.